

Ú T B O Ð

Íþróttagólf endurnýjað í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi, Breiðumýri 225 Garðabæ.



Útboðlýsing
Verklýsing
og
samningsskilmálar

Verkkaupi / Umsjón: Garðabær
Ráðgjafi: Strendingur ehf, verkfræðipjónusta

Efnisyfirlit

Bls.

0	ÚTBOÐSLÝSING	0-1
0.1	Útboðsverkefnið	0-1
0.2	Útboðsgögn	0-1
0.3	Samskipti á tilboðstíma og fyrirspurnir	0-1
0.4	Kröfur til bjóðenda og upplýsingar	0-2
0.5	Frágangur tilboðs – frávikstilboð	0-2
0.6	Auðkenni og skil tilboðs.....	0-3
0.7	Opnun tilboða.....	0-3
0.8	Verð og verðbreytingar	0-3
0.9	Verktrygging	0-3
0.10	Framlag verkkaupa	0-3
0.11	Framkvæmdatími	0-3
0.12	Aðstæður.....	0-4
0.13	Verktaki og undirverktakar – mönnun verkefnis	0-4
0.14	Verkstjórn verktaka og verkfundir	0-4
0.15	Mælingar og málsetningar.....	0-4
0.16	Eftirlit og umsjón verkkaupa	0-4
0.17	Vinnugæði, upplýsingar um efni.....	0-4
0.18	Greiðslur	0-5
0.19	Úttekt.....	0-5
0.20	Ábyrgðarúttekt.....	0-5
0.21	Viðauki I - Drög að verksamningi	I-1
1	AÐSTAÐA OG RIF.....	1-1
1.0	Aðstaða og rekstur	1-1
1.0.1	Aðstaða	1-1
1.0.2	Rekstur vinnusvæðis	1-1
1.0.3	Umhverfis og öryggismál.....	1-2
1.0.4	Tímavinna og álagning	1-2
1.1	Rif og færsla.....	1-2
1.1.1	Almennt	1-2
1.1.2	Myndir.....	1-3
1.1.3	Rif íþróttagólf	1-7
1.1.4	Færsla á áhorfendapöllum.	1-7
1.1.5	Færsla á rimlum.	1-7
1.2	Förgun og flokkun.....	1-7
1.2.1	Förgun.....	1-8
1.2.2	Gámar og flutningur.....	1-8
5	NÝTT ÍÞRÓTTAGÓLF.....	5-1
5.1	Íþróttagólf.....	5-1
5.1.1	Almennt	5-1
5.1.2	Rakavörn	5-1
5.1.3	Einangrun	5-1
5.1.4	Íþróttagólf.....	5-1
5.1.5	Íþróttavallamerkingar.....	5-2
6	TEIKNINGAR	6-1

0 Útboðslýsing

0.1 Útboðsverkefnið

Garðabær, sem hér á eftir nefnist verkkaupi, óskar eftir tilboðum í verkefnið "Íþróttagólf endurnýjað í íþróttamiðstöðinni á Álfanesi".

Verk þetta skal vinna samkvæmt verklýsingum og teikningum eftir því sem við á.

Verkið felst í rífi á núverandi íþróttagólfi, innkaupum, uppsetningu- og lagningu á nýju íþróttagólfi fyrir Íþróttamiðstöðinni á Álfanesi v/Breiðumýri 225 í Garðabæ, sjá nánar í lýsingu hér á eftir.

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

- Rif á 1510 m² íþróttagólfi
- Lagningu á 1440 m² íþróttagólfi
- Málun 1680 m af íróttalínunum

ÚTBODSYFIRLIT

Vettvangsskoðun:	27. mars 2020 kl. 15:00
Fyrirspurnartíma lýkur:	3. apríl 2020.
Svarfrestur rennur út:	7. apríl 2020.
Opnunartími tilboða:	15. apríl 2020, kl. 14:00.
Upphaf samnings:	Við undirritun samnings.
Upphaf 1. áfanga:	24. maí 2020
Aðkoma rafvirkja klár	1. Júní 2020
Lok 1. áfanga:	8. júní 2020
Upphaf lokaáfanga:	1. júlí 2020
Lok samnings:	21. ágúst 2020.
Verðlagsgrundvöllur:	Verkið er ekki verðbætt, en efniskaup breytast í takt við valið gengi
Frávíkstilboð:	Heimiluð.
Afhending tilboða:	Tilbð afhendist fyrir opnunartíma á skrifstofa Stendings ehf verkfræðipjónustu, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði.

ÚTBODSFORM

Um er að ræða almennt útboð, eins og lýst er í 34. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

0.2 Útboðsgögn

Útboðsgögn verða einvörðungu birt og afhent á útboðsvef Garðabæjar (www.gardabaer.is). Bjóðendum ber að tryggja að þeir séu réttilega skráðir inn á útboðsvefinn vegna mögulegra samskipta á tilboðstíma.

Útboðsgögn samanstanda af:

- ❖ Fyrirspurnir og svör á tilboðstíma
- ❖ Útboðs-, verklýsing og teikningar.
- ❖ Tilboðsblað og magntöluskrá.
- ❖ Fyrirspurnir og svör á tilboðstíma.
- ❖ Íslenskur staðall, ÍST-30.
- ❖ Viðauki I: Samningsdrög.

Komi fram misræmi í gögnum, gilda þau gögn sem fyrst eru upp talin hér að framan.

0.3 Samskipti á tilboðstíma og fyrirspurnir

Bjóðendum er gefinn kostur á vettvangsskoðun sbr. tímasetningu hér að framan (kaflí 0.1) og eru bjóðendur hvattir til að nýta sér hana. Vegna Covid-19 verður bjóðendum ekki boðið upp á skoða aðstæður á öðrum tíma í húsinu.

Þeir bjóðendur sem hyggjast nýta sér það að skoða mannvirkiði, skulu tilkynna það með nafni fyrirtækis og áætlaðum fjölda þáttakenda (hámark 2 frá hverjum bjóðanda) á netfangið petur@strendingur.is, fyri hádegi á skoðunardegi. Ef enginn aðili boðar sig fyrirfram, þá fellur

vettvangsskoðun niður. Vegna Covid-19 eru í gildi takmarkanir á fjölda aðila sem mega koma saman. Ekki liggur fyrir hvaða takmarkanir verða í gildi á áætluðum skoðunardegi. En skipulag á vettvangsskoðun mun taka mið af þeim takmörkunum sem verða í gildi þá.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum, skal hann senda inn skriflega fyrirspurn á netfangið petur@strendingur.is merkt: „**Íþróttagólf endurnýjað í íþróttamiðstöðinni á Álfanesi**“ fyrir lok fyrirspurnartíma, sem kynntur er í kafla 0.1.

Svör við fyrirspurnum og mögulegar viðbætur við útboðsgögn verða birt á vefsíðu útboðsins eigi síðar en kynnt er í kafla 0.1 og skulu bjóðendur sjálfir fylgjast með því hvort að viðaukar við útboðsgögnin eru gefnir út.

0.4 Kröfur til bjóðenda og upplýsingar

Bjóðendur skulu leggja fram með tilboði sínu eftirfarandi:

1. Almennar upplýsingar um bjóðanda, fyrirtæki hans og starfslíð.
2. Nöfn og starfsreynslu helstu stjórnenda fyrirtækisins.
3. Upplýsingar um yfirstjórnanda þessa verkefnis.
4. Skrá yfir undirverktaka er bjóðandi hyggst ráða til verksins, ætlað hlutverk þeirra og aðaltengilið viðkomandi varðandi þetta verk.

Þeir bjóðendur sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álita sem verktakar skulu, sé þess óskað, láta í té innan viku, eftirtaldar upplýsingar:

- Ársreikningar síðustu tveggja ára:
- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði/lífeyrissjóðum, sem starfsmenn greiða til, um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna eða eigenda.

Farið verður með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Ef bjóðandi hefur, að mati verkkaupa, ekki tæknilega, fjárhagslega eða faglega getu til að framkvæma verkið er áskilinn réttur til að hafna tilboði hans.

Ef um bjóðendur gildir eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum verður ekki gengið til samninga við þá:

- Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld.
- Bjóðandi er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna eða eigenda.
- Bjóðandi er í nauðasamningum eða gjaldþrotaskiptum.

0.5 Frágangur tilboðs – frávikstilboð

Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsskrá/tilboðsblað og ber að fylla það út eins og texti segir til um. Skila skal inn útprentun úr öllum blaðsíðum tilboðsskrár með tilboðsblaði. Sé ósamræmi milli einingarverðs og tilsvarende heildarverðs, þá ræður einingarverð.

Bjóðandi skal fylla út alla liði í tilboðsskrá. Sé einhver liður ekki útfylltur telst hann innifalinn í tilboðinu.

Einingarverð og heildartilboðs-upphæð skulu vera með virðisaukaskatti og innifela allan kostnað verktaka vegna þessa verks og allan ágóða.

Tilboð skal vera undirritað af aðilum, sem hafa heimild til að skuldbinda bjóðanda.

Frávikstilboð eru ekki tekin til greina nema einnig fylgi tilboð í verkið eins og það er skilgreint í útboðsgögnum. Með frávikstilboðum skulu fylgja nákvæmar verk- og efnislýsingar. Verkkaupi áskilur sér þó allan rétt til þess að hafna slíkum breytingartillögum.

0.6 Auðkenni og skil tilboðs

Tilboðum skal skilað fyrir opnun tilboða kl. 14:00, 15. apríl 2020, á skrifstofa Stendings ehf verkfræðipjónustu, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði.

Tilboð skal vera í lokuðu umslagi greinilega merktu bjóðanda og útboðinu:

Íþróttagólf endurnýjað í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi Tilboð

Bjóðandi: [nafn]
Heimilsfang: [lögfesta]
Póstnúmer: [nr.]

Tilboð skulu að lágmarki innihalda: Útfyllt og undirritað tilboðsblað, útfyllta tilboðsskrá, sem og önnur fylgigögn samkvæmt upptalningu í kafla 0.4.

0.7 Opnun tilboða

Tilboðin verða opnuð á skrifstofa Stendings ehf verkfræðipjónustu, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði. Vegna Covid 19 verður opnun tilboða ekki opin bjóðendum, en niðurstaða tilboða verður kynnt bjóðendum við fyrsta tækifæri.

Bjóðanda stendur einnig til boða að senda tilboð í tölvupósti á petur@strendingur.is fyrir opnun tilboða. Bjóðandi er ábyrgur fyrir því að sannreyna að tilboð hafi komist til skila fyrir tilskilinn tíma.

Áskilinn er réttur til þess að hafna öllum tilboðum,

Tilboð eru bindandi í fjórar vikur frá opnunardegi.

0.8 Verð og verðbreytingar

Tilboð er á föstu verðlagi og verðbætist því ekki miðað við breytingu vísitölu.

Hins vegar verða innkaup á íþróttagólfi og tilheyrandi efni miðuð við gengi valins gjaldmiðils á degi fyrir opnun tilboða, skv. gengisskráningu Seðlabanka Íslands.

0.9 Verktrygging

Verktaki skal leggja fram og kosta verktryggingu, sem nemur 10 % af heildartilboði. Hún skal vera þannig orðuð að verkkaupi geti gengið að henni án dómsúrskurðar til að bæta mögulegt tjón vegna vanefnda verktaka á verksamningnum og eða bæta tjón eða afleiðingar tjóns sem tryggingar verktaka bæta ekki.

0.10 Framlag verkkaupa

Aðbúnaður lagður til af verkkaupa:

- Verkkaupi leggur til aðgangi að rafmagni og vatni í íþróttahúsi þar sem það er til staðar. Verktaki sér um og kostar tengingar og fjarlægir þær fyrir verklok.

Gjöld greidd af verkkaupa:

- Orkunotkun.

0.11 Framkvæmdatími

Áhersla er lögð á að verktaki geti hafið undirbúning og pöntun efnis um leið og búið er að ganga frá verksamningi. Verkið skal síðan vinna samfleytt eins og kostur. Verktaki skal haga sinni vinnu í fullu samráði við umsýslu og eftirlitsmann verkaupa og stjórnendur húss.

1. áfangi er rif af núverandi íþróttagólf ásamt þeim búnaði sem er á veggjum íþróttahússins. Gera skal ráð fyrir komu rafvirkja og annarra iðnaðarmanna á vegum bæjarins frá 1. júní til uppsetningar á nýrri lýsingu í sal, breytinga á ýmsum búnaði í byggingunni og málun íþróttasalar. Áætlað er að þessari vinnu verði lokið 30. júní 2020.

Loka áfanginn er fullfrágengið íþróttagólf, með íþróttavallalínunum, ásamt festingum fyrir íþróttabúnað og með uppsetningu á búnaði sem verður tekinn niður og færður.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt gögnum verksins. Þá skal aðstaða verktaka hafa verið fjarlægð og gengið frá vinnusvæði að fullu.

0.12 Aðstæður

Verktaki tekur við svæðinu í núverandi ástandi og er bjóðendum bent á að kynna sér vel allar aðstæður á staðnum. Íþróttahúsið er sambyggt sundlaug og í grend leikskóla og grunnskóla og ber verktaki að taka tillit til þess við gerð athafnasvæðis síns.

Umhirða á vinnusvæðum skal ávallt vera góð og allt úrgangsefni fjarlægt jafnóðum. Þá skal allt umframefni fjarlægt og í verklok hvers verkhluta skal skila vinnu- og athafnasvæði í snyrtilegu ástandi og aldrei í verra ástandi en komið var að. Allur kostnaður við hreinsun og frágang í verklok skal innifalinn í einingaverðum tilboðsins.

0.13 Verktaki og undirverktakar – mönnun verkefnis

Verkefnið felst í endurnýjun á íþróttagólfi og skal verktaki hafa yfir að ráða hæfa menn til starfsins hverju sinni.

Aðalverktaki skal tryggja iðnmmeistari verkþátta útboðsverksins.

Í verkinu verður bara einn aðalverktaki sem ber ábyrgð á fullnustu samnings, aðalverktaki ber ábyrgð á að undirverktakar kynni sér öll útboðsgögn.

0.14 Verkstjórn verktaka og verkfundir

Stjórn verksins á vinnustað skal vera í höndum reynds verkstjórnanda.

Telji eftirlitsaðili verkstjórn verkkaupa vanhæfa á einhvern hátt, getur hann krafist þess að skipt sé um mann eða menn. Verktaka ber að sjá um að góð regla ríki á vinnustað.

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í ÍST 30. Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir Fundað verður með verktaka í byrjun verks og síðar eftir nánara samkomulagi.

0.15 Mælingar og málsetningar

Verktaki skal annast allar nauðsynlegar mælingar en eftirlitsaðila skal gefin kostur á að sannprófa þær. Verktaki ber þó einn ábyrgð á þeim og aðgerðaleysi eða vangá eftirlitsaðila firrir hann eigi þeirri ábyrgð. Verktaki ber einn kostnað af máltöku og mælingum.

0.16 Eftirlit og umsjón verkkaupa

Verkkaupi mun skipa umsjónar- og eftirlitsmann með verkinu.

Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsaðila verkkaupa. Eftirlitsaðili skal eiga greiðan og óhindraðan aðgang að öllu sem kann að skipta máli varðandi efnisval og vinnu við verk þetta, hvort sem er á verkstað eða annars staðar þar sem unnið er að verkinu.

Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, efnisval eða annað sem við kemur verkefninu, skal hann tafarlaust leita úrskurðar eftirlitsmanns. Ef um ósamræmi milli uppdrátta og lýsinga er að ræða, skal verktaki tafarlaust tilkynna eftirlitsaðila það til úrskurðar.

Verktaki skal færa dagbók daglega þegar hann er að störfum fyrir verkkaupa. Í hana skal færa allt sem máli skiptir vegna framgangs verksins.

0.17 Vinnugæði, upplýsingar um efni

Öll fagvinna skal unnin af faglærðum mönnum hvers fagsviðs. Verkkaupi getur krafist þess að verktaki vísi af vinnustað þeim starfsmönnum sem sannanlega sýna vankunnáttu eða hirðuleysi í starfi.

Ef einhver einstakur verkþáttur er illa af hendi leystur eða efni sem notað hefur verið reynist gallað eða ekki rétt notað að mati eftirlitsmanns verkkaupa, getur eftirlitsaðili krafist þess að verkið verði allt unnið að nýju á kostnað verktaka. Eftirlitsaðili verkkaupa getur sett tímamörk um

Það hvenær því sem áfátt var talið skuli komið í lag og er heimilt að stöðva greiðslur til verktaka ef þær lagfæringar sem óskað var eftir hafa ekki verið unnar.

Í verk- og efnislýsingum eru grunnefni og/eða eiginleikar fyrirskrifaðir. Verktaka er ekki heimilt að breyta út frá efniskröfum verks nema að undanegnu samþykki verkkaupa.

0.18 Greiðslur

Reikningum skal skila á bæjarskrifstofur Garðabæjar, 1. hvers mánaðar fyrir mánuðinn á undan. Reikningar skulu samþykktir af fulltrúa verkkaupa og verða þá greiddir eigi síðar en 20 dögum eftir framlagningu þeirra.

Fylgiskjöl með reikningi skulu sýna sundurliðun greiðsluliða og skulu enduspegla verkstöðu hverju sinni.

0.19 Úttekt

Almennum kröfum um framkvæmd úttektar er lýst í ÍST 30.

Úttekt mun fara þannig fram að verktaki tilkynnir verkkaupa, í tölvupósti hvenær úttekt getur farið fram.

Þegar úttekt fer fram skal verktaki hafa lokið öllum þáttum verks á hverjum verkstað, þar með talin öll hreinsun athafnasvæðis og hirða allan úrgang.

Áður en úttekt fer fram, fer eftirlitsaðili verkkaupa og verktaki yfir allt verkið, komi þeir auga á eitthvað sem er vangert eða þarf umbóta við, lýkur verktaki því fyrir úttektardag. Þá yfirfara fulltrúar verkkaupa verkið endanlega. Ef verktaki hefur ráðið til sín undirverktaka með samþykki verkkaupa skal hann einnig vera viðstaddur úttekt. Sé eitthvað vangert eða ekki í samræmi við verklýsingar eða verksamning skal það metið af fulltrúum verkkaupa og dregið frá samningsupphæðinni.

Úttekt telst ekki lokið fyrr en verktaki hefur uppfyllt öll ákvæði verksamnings og eftirtöldum atriðum fullnægt:

1. Að verktaki hafi lokið öllu verki sínu í samræmi við samningsgögn.
2. Að fullnægjandi niðurstöður allra fyrirskrifaðra prófana liggi fyrir.
3. Að fullnægjandi gögnum með öllu efni sem notað var við framkvæmdina og krafist var gagna um hafi verið skilað. Einnig að öllum ábyrgðarskírteinum af öllu efni sem ábyrgð er gefin á hafi verið skilað.
4. Að fyrir liggi úttekt eins og krafist er frá þeim opinberu aðilum sem hlut kunna að eiga að máli.
5. Að verkkaupa hafi verið afhentar allar upplýsingar um breytingar á útfærslum miðað við teikningar og áður hafði verið samþykkt.

Hafi atriði 1-5 hér að framan verið staðfest sem fullafgreidd við úttektina skal verkkaupi gefa út, án tafar, vottorð um úttekt og úttektargerð og telst hann þá hafa tekið við verkinu frá úttektardegi að telja og hefst þar með ábyrgðartími verksins. Sé hins vegar eitthvað vangert eða ekki í samræmi við lýsingar eða teikningar, skal það metið af fulltrúum verkkaupa og greiðslu fyrir viðkomandi atriði haldið eftir. Verktaki fær eðlilegan frest til þess að ljúka þeim verkum sem talin eru ófullnægjandi við úttekt þessa og fær þau þá greidd eftir fyrrgreindu mati þegar staðfesting verkkaupa er fengin fyrir að hann hafi lokið viðkomandi verki.

0.20 Ábyrgðarúttekt

Ábyrgðarúttekt fer fram innan eins árs frá lokaúttekt.

0.21 Viðauki I - Drög að verksamningi

1. gr. Samningsaðilar

Verkkaupi:	Garðabær	Verktaki:
Kennitala:	570169-6109	Kennitala:
Heimilisfang:	Garðatorg 7, 210 Gb.	Heimilisfang:
Sími:	525 8500	Sími:
Netfang:	gardabaer@gardabaer.is	Netfang:

2. gr. Lýsing

Samningur þessi er gerður á grundvelli útbodsgagna „_____“ og tilboðs verktaka dags. ____/____/2020, ásamt fylgigögnum.

3. gr. Samningsgögn

1. Samningur þessi.
2. Fyrirspurnir og svör á tilboðstíma.
3. Útbodsgögn dagsett mars 2020.
4. Tilboð verktaka, dagsett _____.____.2020, ásamt fylgigögnum.
5. ÍST 30.

Framkvæmd samningsins skal vera í samræmi við ofangreind gögn sem eru hluti þessa samnings. Komi upp misræmi milli gagna, gilda þau í þeirri sömu röð og þau eru talin hér að ofan.

4. gr. Samningstími

Upphaf samningstíma er _____ 2020.
Lok samningstíma er 21. ágúst 2020.
Komi til vanefnda verktaka, þá getur verkkaupi sagt upp samningnum með eins mánaðar fyrirvara.

5. gr. Samningsfjárhæð

Fyrir framangreint verk greiðir verkkaupi _____ samanber tilboð verktaka.
Í samningsfjárhæð er innifalinn allur kostnaður verktaka hverju nafni sem hann nefnist.
Samningsfjárhæðir eru með virðisaukaskatti.

6. gr. Ábyrgð og tryggingar

Verktaki ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka og auk þess tjóni er verkkaupi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.
Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda verktaka, er verktaki að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.
Verktaki skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um.
Verktaki skal kaupa allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga.
Verktaki skal sjá til þess að undirverktakar hans kaupi tryggingar með sama hætti ef þeir sinna tilgreindum verkþáttum.
Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af öllum tryggingarskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld, verði þess óskað.

12. gr.

Skuldskeyting- undirverktakar

Verktaka er óheimilt, án skriflegs samþykkis verkkaupa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef verktaki fær slíka heimild, breytast í engu skyldur verktaka gagnvart verkkaupa.

13. gr.

Ágreiningsmál

Málum sem kunna að rísa út af verkefni því sem útboð þetta nær til, skal vísa til Héraðsdóms Reykjaness.

Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Staður og dagsetning: _____

F.h. verkkaupa:

F.h. verktaka:

Vottar: _____

kt. _____

kt. _____

1 Aðstaða og rif

1.0 Aðstaða og rekstur

Í greiðslulið þessa kafla skal innifela allt sem tilgreint er í útboðslýsingu (0-köflum) og ekki er innifalið í öðrum greiðsluliðum. Verktaki skal kynna sér innihald þeirra sérstaklega.

Verktaki skal girða af vinnusvæðið utandyra og jafnframt að halda vinnusvæðinu hreinlegu og fjarlægja rusl og efnisafganga fljótt og vel. Mjög mikilvægt er að umgengni um svæðið sé snyrtileg, og ekki síst viðskilnaður á kvöldin og um helgar. Verktaki ber ábyrgð á lokun vinnusvæðis og að öryggi vegfaranda sé tryggt.

1.0.1 Aðstaða

Verktaki skal leggja til alla nauðsynlega aðstöðu og útbúnað svo og viðhald þess útbúnaðar, svo sem húsnæði fyrir starfsmenn sína og til geymslu áhalda og annars sem til verksins þarf. Öll áhöld, vélar, verkfæri, ljós, mælubúnað og annað sem til verksins þarf. Verktaki skal einnig leggja til og kosta alla vinnupalla, keyrslubrautir og aðra hagræðingu. Ef umgengni er þannig á vinnustað, að eftirlitsmaður telur hættu stafa af, getur hann tafarlaust stöðvað verkið þar til úr er bætt.

Áður en uppsetning vinnuaðstöðu hefst skal verktaki leggja fram útskýringu, til samþykktar eftirlits, sem sýna fyrirhugaða staðsetningu vinnubúða. Verktaki skal girða af vinnusvæðið utandyra og jafnframt að halda vinnusvæðinu hreinlegu og fjarlægja rusl og efnisafganga fljótt og vel. Mjög mikilvægt er að umgengni um svæðið sé snyrtileg, og ekki síst viðskilnaður á kvöldin og um helgar. Verktaki ber ábyrgð á lokun vinnusvæðis og merkingum. Ekki er leyfð notkun á ferðasalerni.

Öll aðstað skal fjarlægð í lok verks og skilið við vinnusvæði í ekki lakara ástandi en þegar komið er að verki í upphafi verks.

Magntala er heild. Innifalið í heildarverði er uppsetning aðstöðu, vinnupallar og vinnulyftur. Greiðslur verða inntar af hendi þannig: 30 % af verkliðnum verður greiddur þegar uppsetningu vinnuskála er lokið að mati eftirlitsmanns. 60% verða greiddar miðað við framvindu og 10 % í lokareikningi verks.

1.0.2 Rekstur vinnusvæðis

Verktaki skal annast og kosta allan rekstur vinnusvæðis meðan á verkinu stendur. Hann skal kosta allar slysa- og ábyrgðartryggingar sem krafist er skv. útboðs- og samningsskilmálum. Tryggja skal góðar slysa- og innbrotavarnir. Verktaki skal haga rekstri vinnusvæðis þannig að sem minnst röskun verði á nánasta umhverfi á verktímanum. Verkkaupi greiðir fyrir notkun hitaveitu og rafmagn, verktaki skal sjálfur bera kostnað af rafmagnstengingum, síma, bráðabirgðalögnum og ljósbúnaði sem og bráðabirgða vatns- og frárennislögnum ef þeirra verður þörf. Allt frárennsli frá aðstöðu verktaka skal leitt í tilheyrandi frárennislagnir í næsta nágrenni.

Verktaki skuldbindur sig til að vera ávallt með nægan mannafla á verkstað sem hefur með höndum daglega stjórnun og umsjón. Starfsmenn þessir skulu vera reyndir og vel hæfir einstaklingar sem hafa reynslu af sambærilegum verkefnum. Ávallt skal stjórnandi vera á vinnu svæði.

Þá skal verktaki í tilboði sínu tilgreina einn aðila sem stjórnanda, sem hefur fullt umboð til að koma fram fyrir hönd bjóðanda.

Magntala er heild. Greitt verður eftir framvindu verksins. Innifalið í heildarverði er rekstur og stjórnun vinnusvæðisins.

1.0.3 Umhverfis og öryggismál

Huga skal að öryggismálum starfsmanna verktaka og möguleg áhrif sem vinna verktaka kann að hafa. Vakin er athygli á því að vinnusvæði er við hliðina á skólahúsnæði, þar sem umgangur barna getur verið og skal verktaki taka fullt tillit til þess og að fyllsta öryggis sé gætt. Verktaki skal gera Umhverfis og öryggisætlun fyrir verkið. Gera skal áhættumat fyrir verkstað og tryggja að farið sé yfir það í hverju tilviki. Verktaka ber að tryggja að allir starfsmenn hans séu upplýstir um öryggismál á samningstíma. Í ljósi Covid 19 er rétt að benda á a verktaki þarf að taka tillit til fyrirkomulags sóttvarna á vinnustað í öryggisáætlun sinni.

Magntala er heild. Greidd er heildarupphæð fyrir verkþáttinn, Innifalið eru öryggisráðstafanir eins og þurfa þykir, m.a. viðeigandi persónuhlífar starfsmanna. Greitt verður fyrir verkþáttinn í samræmi við framvindu verks.

1.0.4 Tímavinna og álagning

Verkkaupi getur þurft að láta vinna einhverja verkþætti sem ekki falla beint undir verkliði í verklýsingu ýmist vegna breytinga á verkinu eða viðbóta. Þjóðandi skal í tilboði sínu tilgreina þann texta sem hann býðst til að vinna aukaverk sem upp kunna að koma.

Komi til viðbótarverka eða aukverka vegna breytinga á verkinu skal fylgja ákvæðum ÍST 30:2012, kafla 3.6. Verði samkomulag um að verktaki vinni aukaverk eða viðbótarverk skal verktaki nota einingaverð í samningi eins og kostur eða gefa verkkaupa fast tilboð í verkið. Verði samkomulag um tímavinnu skal nota texta sem verktaki býður í tilboði sínu.

Álag verktaka fyrir umsjón með aðkeyptu efni og þjónustu, sem verktaki hefur milligöngu um að láta vinna eða kaupa fyrir verkkaupa, vegna viðbótar- eða aukverka, skal vera 12%. Er það álag fyrir efniskaup, móttöku, meðhöndlun, geymslu, stjórnun, ágóða o.s.frv. Verktaki skal láta verkkaupa njóta þeirra afsláttarkjara sem hann kann að hafa hjá birgjum. Álag greiðist ekki á það tímagjald sem verktaki býður í tilboði sínu.

Magntala er klukkustundir. Tímafjöldi er áætlaður og hefur þannig tilsvarende vægi í heildartilboði þjóðanda. Innifallið er allur kostnað við þennan lið, þ.m.t. öll stjórnun og lögboðin gjöld.

1.1 Rif og færsla

1.1.1 Almenn

Taka upp núverandi parket ásamt öllu tilheyrandi og flokka efni og farga á viðurkenndarn hátt. Þá skal einnig taka niður rimla og áhorfendapalla og koma fyrir til bráðbirgðar í gangi utan við íþróttasal, en að lokinni parketlögninni skal þessi búnaður settur upp aftur á öðrum stað. Á meðan verktaki er að vinna við rif, getur verkkaupi verið með aðra verktaka inni í íþróttasalnum vengja nýrrar led lýsingu í loft íþróttasal, málunar á lofti og veggjum og færslu og uppsenting á búnaði í loft. Verktaki þarf að taka tillit til þess að aðrir verktar geti verið á staðnum, en þó er gert ráð fyri að stærri hluti þessarar vinnu annarra verktaka fari fram á því tímabili sem gefið er frá lokum rifs og að upphafi parketlagningar.

1.1.2 Myndir

Meðfylgjandi myndir eru til upplýsinga um núverandi gólf og aðstöðu.




Yfirlitsmynd af sal.



Dæmi um lok yfir gólfestingar fyrir íþróttabúnað.



Núverandi frágangur við útidyr.



Núverandi frágangur við innganga frá gangi.




Langhlið íþróttasalar við útganga.



Norðaustur útgangur úr íþróttasal.

1.1.3 Rif íþróttagólf

Íþróttagólfið er fjaðrandi íþróttagólf, þar sem parketstafir eru límdir á krossvið sem lagður er yfir fjaðrandi grind (líkast til tvöfaldri sjá meðfylgjandi mynd). Íþróttagólfið byggir u.þ.b. 14 cm í þykkt frá steyptri plötu. Við veggj umhverfis gólfið eru parketlistar.



Fjarlægja þarf stálfestingar fyrir íþróttahöld og búnað, sem ýmist eru fest ofan í parketið, svo sem netfestingar, markafestingar, stálhólkar fyrir fimleikastangir, netsúlur fyrir blak eða badminton ofl. Þessar festingar eru festar við steypu gólf sem og timburgólf

Við langhlið íþróttasal eru 12 áhorfendapallar festir við vegg. Áður en gólf er rifið undan pöllum þarf losa þá frá vegg og fjarlægja. Pallar verða settir upp að nýju með hinni langhliðinni sjá eins og lýst er í kafla 1.1.4.

Taka skal upp parket með lektum, gólflistum, einangrun, rakavörn og öðru tilheyrandi, flokka og flytja til förgunar.

Einnig skal taka úr steypu gólfi, alla stálfestingar ásamt tilheyrandi búnaði, flokk og flytja til förgunar.

- a) *Magntala, er mældur fermetri (m²) af gólfleti, sem hulinn er parketi fyrir rif á parketi og tilheyrandi.*
- b) *Magntala er fjöldi (stk) fyrir gólfefestingum sem fjarlægðar eru úr steypu gólfi.*

1.1.4 Færsla á áhorfendapöllum.

Færa skal áhorfendapalla sem eru á útdraganlegri stálgrind, með setur, uppstig og gólf úr timbri. Pallarnir eru 12 talsins og með 5 sætaraðir

Taka skal niður áhorfendapallana og færa yfir íþróttasalinn þannig að pallar verða til móts við núverandi staðsetningu á hinum langveggnum.

Miða skal við að pallar séu teknir niður færirð fram á gang við hlið íþróttasalar til geymslu og settir upp að nýju að lokinni parketlög.

Verktaki skal kynna sér festingkerfi palla og festa palla upp á jafngóðan hátt og nú er. Verktaki leggur til og kostar bolta, vinkla og skrúfur sem bæta þarf við á nýjum stað fyrir palla.

Magntala, er lengdarmetri (lm) 5 sætaraða áhorfendapalla.

1.1.5 Færsla á rimlum.

Rimlar eru á einum lang vegg íþróttasalar. Rimla skal taka niður, geyma á gangi og setja upp að nýju. Gert er ráð fyrir að rimlar veðri setti upp til móts við núverandi staðsetningu að lokinni málun veggja.

Verktaki skal kynna sér festingkerfi rimla og fest þá upp á veggj á jafngóðan hátt og nú er. Verktaki leggur til og kostar bolta, vinkla og skrúfur sem bæta þarf við á nýjum stað fyrir rimla.

Magntala, er lengdarmetri (lm) af rimlum.

1.2 Förgun og flokkun

1.2.1 Förgun

Verktaki skal láta farga efni á viðurkenndri móttöku- og förgunarstöð. Verkliðurinn nær til gjaldtöku móttökustöðvar, með því álagi sem verktaki velur. Ekki verður greitt fyrir þann hluta óflokkaðs efnis sem verktaki hefði mátt flokka sem timbur, stál eða gjaldfrjálsan lið.

Verktaki skal skila nótum frá móttökustöð með staðfestingu á móttöku og umfangi efnisins.

- a) *Magntala, er kíló (kg) af timburs.*
- b) *Magntala, er kíló (kg) af stáls.*
- c) *Magntala, er kíló (kg) af óflokkuðu efni.*

1.2.2 Gámar og flutningur

Verktaki skal leggja til viðeigandi gáma (flokkunargáma) til að taka við efni sem fellur til vegna rífsins. Verktaki skal flytja gáma á viðurkenndan móttöku- og förgunarstað. Verkliðurinn nær til alls kostnaðar við gámaleigu og flutning á efninu með vísan til magnskilgreininga.

Magntala, er heild.

5 Nýtt íþróttagólf

5.1 Íþróttagólf

5.1.1 Almenn

Þegar vinnu í loftum og málun veggja er lokið er gert ráð fyrir að verktaki geti hafið vinnu við uppsetningu á Íþróttagólfi. Áður en vinna við góflögn hefst skal verktaki undirbúa allar gólffestingar sem festa skal í steypu.

Gólfíð skal vera fullfrágengið með öllum vallarmerkingum, lokum og festingabúnaði.

Gert er ráð fyrir að verktaki geti hafið vinnu við parketið eigi síðar en 1. júlí 2020. Einnig er gert er ráð fyrir að verktaki hafi salinn einn til umráða eftir 1. júlí, þangað til að hann hefur lokið vinnu við parketlögnina.

5.1.2 Rakavörn

Hreinsa (ryksuga) skal steypa gólfplötu áður en rakvörn er lögð. Síðan skal leggja rakavörn úr þolplasti ofan á steypa plötuna. Öll samskeyti á þolplasti skal líma saman með þar til gerðu viðurkenndu rakvarnarlímbandi. Rakvörnina skal þétta upp við vegg með kítu og klemma að veggjum með lista. Þegar búið er að ganga frá festingarhólkum í steyp gólf skal þétta rakvörn við þá.

Magntala, er fermetri (m²) af fullfrágenginni rakvörn. Mældur er gólfplötur og skal innifalinn allur frágangur upp á vegg og við hólka.

5.1.3 Einangrun

Einangra skal gólfíð með 50 mm steinull. Það ræðst af gerð grindar íþróttagólfsins hvenær er best að leggja einangrunina.

Magntala, er fermetri (m²) af fullfrágenginni steinnullareinangrun. Mældur er gólfplötur.

5.1.4 Íþróttagólf

Íþróttagólfíð á að vera flatarfjaðrandi parketgólf. Gert er ráð fyrir að gólfíð sé byggt upp sem parket á tvöföldu lektukerfi úr timbri. Við vegg umhverfis gólfíð eru parketlistar.

Parketgólfíð skal vera frá viðurkenndum framleiðanda, notkun gólfsins skal vera fyrir almenna íþróttaiðkun í grunnskólum, svo og körfubolta, blak, handbolta, badminton. Helstu eiginleikar skulu vera:

- ❖ Uppfylla ÍST EN 14904 staðal og ASTM F2772. Forveri ÍST EN 14904 er DIN 18032.
- ❖ Gólfíð uppfylli kröfur til „Type 4“, um fjöðrun og lóðrétttrar formbreytingar, sbr töflu B.1 og töflu B.2 í ÍST EN 14904, eða sambærilegar skv. ASTM F2772.
- ❖ Parket sé styrkt undir áhorfendabekki.
- ❖ Parket skal vera forlakkað.
- ❖ Eftir málun á völlum er gert ráð fyrir að gólfíð verði lakkað tvær umferðir.
- ❖ Miðaði er við að að parketfjalir séu með a.m.k. 7 mm þykku yfirborðslagi úr ljósum við t.d. fyrsta flokks hlyn eða beyki.
- ❖ Heildarþykkt frá steyptri plötu er u.þ.b. 14 cm.
- ❖ Gólflistar séu með loftrásum til að hafa hringrás á loftun undir gólf opna.

Íþróttagólfíð kemur á steypa plötu. Undirkerfi skal vera úr þar til gerðum fjaðrandi timburkerfi sem stendur á gúmmípúðum. Réttu þarf mishæðir í steypunni af þannig að endanlegt yfirborð verði fullkomlega slétt.

Til beggja hliða með aðalvöllum skal setja viðeigandi styrkingar undir gólf fyrir áhorfendapalla.

Tryggja þarf að ísetning á þar til gerðum stálfestingum fyrir íþróttabúnað sé í samræmu lagningu gólfs og merkingu valla. Yfir gólfestingar skal fella þar til gerð lok í parketgólfið. Allar festingar í og lok í parket gólf íþróttasal séu stöðluð framleiðsla frá viðurkenndum framleiðanda. Framleiðslan skal vera ætluð til notkunar í skólum og við mikið álag og skal hafa CE vottun fyrir viðkomandi notkun. Öll uppsetning og frágangur skal vera skv. fyrir mælum framleiðanda.

Eftir málun íþróttavalla skal gólfið lakkað tvisvar í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Þegar lökkun gólfs er lokið skal setja upp gólflista á vegg sem loftar um. Einnig skal setja frágangslista milli mismunandi gólfefna. Frágangslistar milli gólfefna sklu veriða tvöfaldir listar með gúmmí miðju sem getur tekið upp hreyfingu.

Magntölum er skipt upp fyrir hvern tilboðslið í efni og vinnulið.

- a) *Magntala, er fermetri (m²) af fullfrágegnum íþróttaparketi með lökkun gólfs. Málun á íþróttavallalínunum er greidd í öðrum lið.*
- b) *Magntala, er fjöldi (stk) af hverri gerð af fullfrágengnum stálfestingum stept í gólf, þar með talið lok í parket.*
- c) *Magntala, er fjöldi (stk) af fullfrágengnum stálfestingum sem fræstar eru í og festar í parket.*
- d) *Magntala, lengdarmetri (lm) af gólflistum á vegg.*
- e) *Magntala, lengdarmetri (lm) af fullfrágenum listum milli gólfefna.*

5.1.5 Íþróttavallamerkingar.

Mála skal íþróttavallamerkingar með viðkenndri aðferð fyrir íþróttasali. Fylgja skal teikningum í öllu. Verkkaupi mun leggja fram málsetta teikningu með íþróttavallalínunum. Meðfylgjandi útboðsteikning sýnir núverandi íþróttavallaþyrirkomulag, sem kann að breytast.

Eftir að málun íþróttavalla er lokið er gert ráð fyrir að gólfið verði heillakkað. Íþróttavellirnir eru málaðir með þremur línubreiddum, 50mm, 35 mm og 25, mm. Einnig getur komið til að málaðir verði fletir 10-50 cm breiðir utanmeð lykilvelli.

Fylgja skal málsetningar á teikningum. Íþróttavellir sem um ræðir eru::

- ❖ Tennisvellir
- ❖ Blakvellir
- ❖ Körfuboltavellir.
- ❖ Handbolatavellir
- ❖ Bandmingtonvellir

Magntala, lengdarmetri (lm) af fullfrágengnum íþróttavallamerkingum eftir breiddarflokkum. Stirkalínur er mældar sem heilar línur. Greitt er sama verð fyrir alla lit.

Magntala, fermetri (m²) af fullfrágenginni flatramerkingu.

6 Teikningar

Meðfylgjandi er teikning útboðsteikning sýnir núverandi íþróttavallafyrirkomulag, sem kann að breytast.